

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sementsverksmiðjan Akranesi Akranes



Dags eftirlits	7.1.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sementsverksmiðjan Akranesi	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Mánabraut 20	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5602695369	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar H. Sigurðsson	ÍSAT nr.	26.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	351068,21 427468,774

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að fylgja eftir hreinsun og viðbrögðum vegna mengunaróhapps í Sementsverksmiðjunni þann 5. janúar sl.

Í eftirlitinu var staðfest að unnið er í samræmi við viðbragðsáætlun vegna rykmengunar og unnið er að geiningu atviksins, hreinsun áhrifasvæðisins og úrbótum til að fyrirbyggja að atvik sem þessi endurtaki sig.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í kjölfar mengunaróhapps sem átti sér stað mánudaginn 5. janúar þar sem að sementssíló yfirfulltist með þeim afleiðingum að sementsryk dreifðist um byggðina.

Umhverfisstofnun bærust upplýsingar um atvikið að morgni mánudags þann 5. janúar sl. og viðbragðsaðilar hafi verið kallaðir út vegna þess. Vindur var suðlægur og lítilsháttar rigning um morguninn og fram eftir degi.

Í eftirlitinu var farið yfir greiningu á orsökum atviksins, umfang mengunarinnar, viðbrögð, hreinsun og fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir að atvik sem þessi endurtækju sig.

Samkvæmt rekstraraðila átti óhappið sér stað við dælingu úr sementsskipi yfir í birgðatanka aðfaranótt mánudagsins. Vindur var suðlægur þegar atvikið átti sér stað svo að mengunin dreifðist norður yfir bæinn allt niður að sjó norðan megin við þéttbýlið. Brugðist var við atvikinu skv. fyrirliggjandi viðbragðsáætlun vegna rykmengunar. Viðbragðsáætlanir hafa verið endurskoðaðar með reglubundnum hætti í samræmi við vottað Umhverfisstjórnunarkerfi verksmiðjunnar (ISO9001). Viðbragðsáætlunin var lögð fram í eftirlitinu og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við hana. Sementsverksmiðjan er tryggð fyrir óhöppum sem þessum og hefur tryggingafélagið milligöngu um hreinsun áhrifasvæðisins.

Fyrirtækið hefur farið í greiningu á atvikinu og skilgreint úrbótaverkefni í gæðakerfi til að fyrirbyggja að sambærileg atvik endurtaki sig. Atvikið er rekið til mannglegra mistaka í samskiptum milli starfmanna í skipi og birgðastöð. Nú þegar hafa verið skilgreind tvö úrbótaverkefni en áætlað er að funda með starfsmönnum og útbúa verkefnalista til að fyrirbyggja atvik sem þessi. Þá hefur Áframhaldandi vinna við greiningu á atvikinu og úrbótum vegna þess stendur enn yfir og er áætlað að þeim verði lokið fyrir 1. maí 2021. Þá hefur rekstraraðili fengið verkfræðistofuna Eflu til að gera úttekt á atvikinu og áhrifum þess.

Að lokum var farið í skoðunarferð um birgðastöðina. Farið var upp á sementssílóin þar sem að óhappið átti sér stað. Yfir sílóunum fjórum er tengibygging þar sem að sílóin eru tengd inn á hreinsivirki. Á hverju og einu síló eru þrýstingslokar um 30x30 cm þar sem að ryk fór út um þegar atvikið átti sér stað. Talverður haugur af sementsryki var inni í tengibyggingunni yfir síló nr. 4. sem á eftir að hreinsa upp. Ekki er talin hætta á að það ryk sleppi út í umhverfið sé passað upp á að gluggar tengibyggingarinnar séu lokaðir og ekki sé umgangur um svæðið. Á hverju og einu síló eru tvö hringlaga mæliop, um 10x10 cm þar sem opnuðust þegar óhappið átti sér stað. Það sement sem fór þar út dreifðist um bæinn eins og fyrr segir. Nokkur óvissa er um hve mikið magn af sementi fór út í umhverfið en rekstraraðili hefur lagt mat á það út frá því magni sem fór út um opin í tengibyggingunni og hlutfalli á stærð opa úti á tönkum miðað við opin sem rykið slapp út um inni í tengibyggingunni. Í skoðunarferðinni var farið í stjórnherbergi í birgðastöð þar sem að yfirlitsmynd og eftirlitskerfi birgðatankanna var skoðað.

Tryggja þarf betri lokum á mæliopunum svo þau opnast ekki ef atvik sem þetta myndi endurtaka sig. Einnig er mikilvægt að setja skýrari viðvaranir og endurskoða verklagsreglur um hvenær stöðva þurfi inndælingu þegar tankarnir eru að fyllast. Öryggisblað fyrir sementið var afhent eftirlitsaðila í kjölfar eftirlitsins.

Eftirlitsmenn fóru einnig um áhrifasvæðið í þéttbýlinu og skoðuðu aðstæður.

Reykjavík, 15.02.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir